



Fjölskyldustefna Reykjanesbæjar



Fjölskyldustefna Reykjanesbæjar

Samþykkt í bæjarstjórn
Reykjanesbæjar 2003. Síðast endurskoðuð 2015.

Inngangur

Reykjanesbær lítur á fjölskylduna sem hornstein samfélagsins. Með það að leiðarljósi er lögð áhersla á að stuðla að fjölskylduvænu samfélagi og tryggja fjölskyldunni sem þroskavænlegust skilyrði. Það gerum við með opinberri fjölskyldustefnu sem er markvisst fylgt er eftir og endurskoðuð reglulega.

Öll svið Reykjanesbæjar taka þátt í mótun fjölskyldustefnunnar og hafa fjölskylduna að leiðarljósi í stefnumótun og áætlanagerð sinna stofnanna.

Fjölskyldustefna Reykjanesbæjar skal ávallt vera í takt við þróun samfélagsins hverju sinni og endurskoðun taka mið af því.

Fjölskyldustefna Reykjanesbæjar skiptist í meginmarkmið, markmið og samþættingu einstakra málaflokka og leiðir að settum markmiðum.

Forsaga

Í verkefnaáætlun Reykjanesbæjar - framtíðarsýn 2002 til 2006 var kveðið á um gerð fjölskyldustefnu fyrir Reykjanesbæ og var Fjölskyldu- og félagssviði falin verkefnastjórn.

Í nóvember 2002 tók til starfa hópur undir forystu félagsmálastjóra. Aðrir í hópnum voru fræðslustjóri, íþrótt- og tómstundafulltrúi, fulltrúi umhverfis- og tæknisviðs, framkvæmdastjóri Markaðs- og atvinnu- og framkvæmdastjóri Atvinnu- og hafnasviðs.

Leitað var eftir hugmyndum frá fjölmögum aðilum, má þar m.a. nefna sóknarpresta Keflavíkur og Njarðvíkur, stjórnir foreldrafélaga og nemendaráð grunnskólanna. Einnig var auglýst í staðarblöðum eftir hugmyndum frá almenningi. Starfshópurinn hélt 11 fundi, auk þess sem unnið var að upplýsingaöflun ofl. á milli funda. Ný fjölskyldustefna leit svo dagsins ljós í maí 2003.

Áður hafði verið unnið að undirbúningi að gerð fjölskyldustefnu en tillaga kom fyrst fram í bæjarstjórn Reykjanesbæjar í september 1997 um mótun heilstæðrar fjölskyldustefnu. Þeirri tillögu var vísað til allra sviða án þess að tilnefna einhvern einn ábyrgðaraðila.

Í skilgreiningu Fjölskylduráðs Félagsmálaráðuneytisins segir;

„Fjölskyldan er hópur einstaklinga sem á sameiginlegt heimili þar sem einstaklingarnir deila tómstundum, hvíld, tilfinningum, efnahag, ábyrgð og verkefnum. Meðlimirnir eru oftast tvær fullorðnar manneskju eða einstaklingur ásamt barni eða börnum. Þau eru skuldbundin hvert öðru í siðferðilegri og gagnkvæmri hollustu.“



Meginmarkmið fjölskyldustefnu Reykjanesbæjar

- Stuðla að mannúðlegu og fjölskylduvænu samfélagi þar sem áhersla er lögð á fjölskylduna sem hornstein samfélagsins.
- Búa fjölskyldunni sem vænlegust skilyrði svo hún megi sem best styrkjast og eflast.
- Skapa forsendur til þess að einstaklingar fái vaxið í heilsteypu umhverfi sem auðveldi þeim að takast á við líf og starf í lýðræðissamfélagi.
- Reykjanesbær sýni gott fordæmi bæði sem atvinnurekandi og þjónustuaðili og hafi þarfir fjölskyldunnar að leiðarljósi við skipulag starfsemi stofnana sinna, hvort sem þær þjóna börnum eða fullorðnum.
- Að starfsmenn Reykjanesbæjar hafi fjölskyldustefnuna að leiðarljósi og sýni börnum jafnt sem fullorðnum, tilhlýðilega virðingu og kurteisi.
- Við skipulag félagslífs meðal starfsmanna Reykjanesbæjar sé stuðlað að samveru fjölskyldunnar.
- Tryggja starfsmönnum fræðslu m.a. um fordóma og einelti, einkenni þess og hvernig megi koma í veg fyrir og/eða bregðast við því.
- Stuðla að því að allir fullorðnir íbúar Reykjanesbæjar séu meðvitaðir um samfélagslega ábyrgð við uppeldi barna.
- Stuðla að því að viðmót atvinnurekenda einkennist af jákvæðni í garð fjölskyldunnar s.s. með sveigjanlegum vinnutíma og auknu umburðarlyndi, einkum þegar alvarleg veikindi sem og aðrir erfiðleikar herja á.
- Stuðla að samþættingu og samfelli í skólastarfi, íþróttum og tómsundum barna.
- Skapa forsendur til þess að jafnvægi náist milli fjölskyldulífs og atvinnuþátttöku.
- Styðja við uppeldishlutverk foreldra með fræðslu hverskonar, enda eru foreldrar mestu áhrifavaldar í lífi barna sinna.
- Gera öldruðum kleift að búa við fullt sjálfstæði eins lengi og kostur er.
- Sérstök áhersla sé lögð á þjónustu við nýja íbúa bæjarins hvort sem þeir eru af íslensku eða erlendu bergi brotnir.

Framkvæmd fjölskyldustefnu og samþætting málaflokka

Fjölskyldu- og félagsþjónusta Reykjanesbæjar hefur eftirlit með framkvæmd fjölskyldustefnunnar. Skal það gert með því að kalla eftir upplýsingum frá öllum framkvæmdasviðum bæjarins um hvernig stefnan hafi verið notuð til hliðsjónar við skipulag starfseminnar og jafnframt óskað eftir tillögum til endurbóta á henni annað hvert ár.

Árlega skal haldinn Dagur um málefni fjölskyldunnar og leita samstarfs við aðra sem vinna að málefnum fjölskyldunnar.

Viðurkenning skal árlega veitt þeim stofnunum bæjarins og fyrirtækjum á almennum markaði sem þykja skara framúr varðandi jákvætt viðmót til fjölskyldunnar og hafa sett sér fjölskyldustefnu. Skal það gert með því að óska opinberlega eftir tilnefningum.

Viðurkenningar skulu veittar á Degi um málefni fjölskyldunnar ár hvert.

Opinber kynning skal fara fram á þeim fyrirtækjum sem hljóta viðurkenningu hverju sinni og stefnu þeirra í fjölskyldumálum.



Eftirtaldar stefnur einstakra málaflókka hjá Reykjanesbæ eru hluti af Fjölskyldustefnunni:

- Fjölmenningsstefna
- Forvarnarstefna
- Jafnréttisáætlun
- Menningarstefna
- Skólastefna
- Starfsmannastefna
- Umhverfisstefna

Fjölskyldu- og félagsmál

Markmið:

Að félagsþjónusta sé ávallt skipulögð með þarfir fjölskyldunnar að leiðarljósi. Að vera í góðri samvinnu við alla þá aðila sem vinna að forvörnum í sveitarfélaginu

Leiðir:

- Forstöðumenn fjölskyldu og félagssviðs(FFR) funda reglulega, þar er vettvangur til að taka upp og ákveða þjónustuúrræði m.v. þarfir hverju sinni.
- Á hverju ári er í tengslum við starfsáætlunargerð FFR gerð þarfagreining út frá þeim málum sem eru og hafa verið til vinnslu hjá FFR og gerð áætlun um að mæta þörfum fyrir þjónustu.
- Tekið er mið af niðurstöðum rannsókna, þjónustu – og viðhorfskannana.
- Starfsmenn skrifa reglulega greinar um félagslega þjónustu í staðar- og/eða þjóðmálablöð.

Markmið:

Að boðið sé upp á fjölskylduráðgjöf jafnt sem einstaklingsráðgjöf til foreldra og barna. Einnig að boðið sé upp á nauðsynlega sálfræðiþjónustu og félagslega ráðgjöf fyrir fjölskyldur eða einstaklinga.

Leiðir:

- Öllum íbúum Reykjanesbæjar stendur til boða endurgjaldslaus ráðgjöf hjá félagsráðgjöfum, hvort heldur sem er fyrir fjölskyldur eða einstaklinga.
- Boðið er uppá sálfræðiviðtöl til þeirra sem eiga rétt á henni skv. skilgreiningu í reglum FFR um fjárhagsaðstoð og barnaverndarlögum nr. 80/2002. Lögð er áhersla á aðgengi sálfræðiþjónustu í heimabyggð.
- Íbúum af erlendu bergi er tryggð túlkþjónusta í samskiptum við starfsmenn FFR eftir þörfum.
- Boðið er uppá margvíslega ráðgjöf utan skrifstofu FFR s.s.;

 - í Björginni, geðræktarmiðstöð Suðurnesja
 - á Nesvöllum, þjónustumiðstöð aldraðra
 - hjá Fjölsmiðjunni

Markmið:

Að nóg framboð sé á þjónustu dagforeldra fyrir börn undir tveggja ára aldri.

Leiðir:

- Þegar eftirspurn eftir dagforeldrum er meiri en framboð er auglýst eftir dagforeldrum.
- Frá lokum fæðingarorlofs eru gjöld vegna barna hjá dagforeldrum greidd niður fram að leikskólaaldri.

Sérstakar niðurgreiðslur eru veittar til tekjulágra foreldra og fjölburaforeldra vegna vistunar barna hjá



dagforeldrum skv. reglum þar um.

Markmið:

Að barnavernd sé framkvæmd skv. gildandi barnaverndarlögum hverju sinni og megin áhersla lögð á forvarnir og uppeldislegan stuðning við fjölskyldur.

Leiðir:

- Með reglulegri fræðslu og kynningu á barnavernd og úrræðum hennar innan stofnana sem vinna með börnum s.s. í leik- og grunnskólum svo og til almennings og í samstarfi við aðra sem þjónusta börn og barnafjölskyldur.
- Með setu og þátttöku í starfi SAMTAKA-hópsins, þverfaglegs samstarfshóps sem hefur það að markmiði að fyrirbyggja og taka á þeim vandamálum sem upp koma hverju sinni til að bæta umhverfi barna og ungmenna í Reykjanesbæ.
- Árlega eru foreldrar minntir á útivistarreglur með auglýsingum og ýmsum öðrum hætti.
- Foreldrum 12 ára barna er á hverju ári sendur segull með upplýsingum um útivistartímann.

Markmið:

Að fjölskyldum sé gert kleift að sjá sér farborða og stuðningi beitt til að tryggja lágmarks afkomu.

Leiðir:

- Með einstaklingsmiðaðri ráðgjöf og aðstoð skv. reglum FFR um félagslega þjónustu.
- Með sérsniðnum úrræðum eftir aðstæðum fyrir valda viðskiptahópa FFR hverju sinni í samræmi við þarfagreiningu.
- Með fjármálaráðgjöf- og meðferð fyrir valda viðskiptahópa FFR.
- Með fjármálalæsi í grunn- og framhaldsskólum.
- Með opnum námskeiðum og fyrirlestrum fyrir íbúa.

Markmið:

Að áhersla sé lögð á að efla jafnrétti innan fjölskyldna sem utan.

Leiðir:

- Unnið sé skv. Jafnréttisáætlun Reykjanesbæjar sem byggir á grunni jafnræðisreglu
- Stjórnarskrár Íslands um að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til upprunar, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu
- Með opinni umræðu, fræðslu og hvatningu; t.d. ráðstefnum, fyrirlestrum, námskeiðum, bæklingum, greinaskrifum.

Markmið:

Að stuðla að opinni umræðu og fræðslu um afleiðingar heimilisofbeldis, líkamlegs-, andlegs og kynferðisofbeldis.

Leiðir:

- Með þverfaglegu samstarfi við lögreglu varðandi heimilisofbeldi
- Gerð aðgerðaráætlunar gegn heimilisofbeldi
- Með greinaskrifum, fyrirlestrum, námskeiðum, bæklingum, ráðstefnum eða með öðrum áhrifaríkum hætti.

**Markmið:**

Að nægt framboð sé á almennum búsetuúrræðum fyrir allar fjölskyldugerðir.

Leiðir:

Reykjanesbær tryggir nægilegt framboð af lóðum til bygginga á öllum gerðum húsnæðis, bæði fyrir einstaklinga og verktaka.

Markmið:

Að nægilegt framboð sé á félagslegu húsnæði hverju sinni og við kaup eða byggingu slíks húsnæðis sé þess ávallt gætt að velja hagkvæmustu leiðir m.t.t. leiguverðs.

Leiðir:

- Árlega er gerð könnun á þörf félagslegs húsnæðis í tengslum við biðlista og bæjaryfirvöld upplýst um stöðuna.
- Reykjanesbær greiðir tekjulágum einstaklingum sérstakar húsaleigubætur skv. reglum FFR.

Markmið:

Að dagvistarúrræði fyrir aldraða séu ávallt til staðar til að gera öldruðum kleift að búa sem lengst á eigin heimili.

Leiðir:

- Sótt er um fjölgun leyfa eftir þörfum.
- Boðið er upp á almenna dagvist og dagvist fyrir minnisskerta.

Markmið:

Að áhersla sé lögð á nægt framboð á þjónustuíbúðum og öðrum sértækum búsetuúrræðum fyrir fatlaða, aldraða eða aðra sem á því þurfa að halda og þjónustan taki mið af persónulegum óskum og þörfum hvers og eins og styðji þá til sjálfstæðis.

Leiðir:

- Leitað sé samstarfs s.s.við Fasteignir Reykjanesbæjar ehf, Brynju hússjóð ÖBÍ og
- Velferðarráðuneytið um byggingu eða kaup á húsnæði fyrir þessa hópa eftir þörfum hverju sinni.

Fræðslumál

Markmið:

Að áhersla sé lögð á heilsdagsskóla, þar sem börnum standi til boða að stunda tónlistanám, íþróttir og tómstundir sem hluta af dagvinnutíma.

Leiðir:

- Frístundaskóli er hluti af starfi hvers grunnskóla. Í frístundaskóla er samfelld dagskrá fyrir börn í 1. – 4. bekk þar sem fléttað er saman eins og kostur er íþróttæfingum, listum, tómstundastarfi og fræðsluverkefnum ásamt næringu, heimanámi og hvíld.
- Frístundaskóli fyrir fötluð grunnskólabörn í 5. – 10. bekk er í Björkinni.

Markmið:

Að stuðlað sé að því, að því sem næst öll starfsemi barna geti farið fram á sama stað eða sama skólasmíði.

**Leiðir:**

- Stefnt er að því að efla enn frekar félagslíf grunnskóla.
- Börn geta sótt tónlistarnám í sínum heimaskóla.

Markmið:

Að samræming sé milli grunnskóla varðandi starfsdaga og aðra frídaga barna s.s. vetrar-, páska- og jóla-leyfi og að boðið sé uppá gæslu fyrir yngstu börnin þessa daga.

Leiðir:

Fræðsluráð og foreldraráð skóla fara yfir skóladagatöl árlega og eru þau samræmd eins og frekast er kostur. Boðið er upp á gæslu í vetrarleyfum og á starfsdögum grunnskóla.

Markmið:

Að fornám tónlistarskóla sé veitt öllum börnum og felld inn í stundaskrá hvers bekkjar.

Leiðir:

Öll börn í 1. og 2. Bekk fá fornám tónlistarskóla sem hluta af sínu tónmenntanámi innan stundarskrár.

Markmið:

Að heitur næringarríkur matur standi öllum börnum í grunnskólum bæjarins til boða í hádegi gegn vægu gjaldi.

Leiðir:

- Allir grunnskólar bjóða upp á heitan mat í hádeginu.
 - Fylgst er með innihaldi fæðu og viðhorfum nemenda til matarins.
- Með sérstökum niðurgreiðslum er markvisst hvatt til þess að sem flest börn séu í áskrift.

Markmið:

Að öllum börnum sé tryggð kennsla við hæfi.

Leiðir:

Skólar vinna markvisst að uppbyggingu einstaklingsmiðaðs náms. Lögð er aukin áhersla á teymisvinnu nemenda og kennara þannig að styrkleikar nemenda fái að njóta sín. Námsmat miðar að því að meta marga og fjölbreytta þætti inn í lokamat auk kunnáttumarkmiða.

Markmið:

Að áhersla sé lögð á að fá menntaða kennara til starfa í leik- grunn- og tónlistarskólum.

Leiðir:

Árlega er auglýst eftir fagmenntuðu starfsfólki.

Markmið:

Að leikskóli standi öllum börnum, sem lögheimili eiga í bæjarfélaginu, til boða a.m.k. frá tveggja ára aldri.

Leiðir:

Uppbygging leikskóla miðar að því að ætíð séu nægilega mörg leikskólarými til þess að uppfylla markmiðið.

**Markmið:**

Að foreldrar hafi val um fjögurra til níu stunda leikskóla vistun daglega.

Leiðir:

Reynt er að koma til móts við þarfir allra en foreldrum er bent á erfiðleika sem löng dagleg leikskóladvöl hefur í för með sér. Níu tíma vistun er ekki æskileg og hlýtur að yeljast neyðarráðstöfun frekar en regla.

Markmið:

Að boðið sé upp á hollan mat á leikskólum bæjarins gegn vægu gjaldi.

Leiðir:

- Matráðar í leikskólum sinna endurmenntun með það í huga að uppfylla viðurkennd lýðheilsu- markmið með sérstaka áherslu á grænmeti og ávexti. Hreinlæti og aðbúnaður er undir ströngu eftirliti og ávallt er vandað til verka í kaupum á hráefni.
- Fæðiskostnaður stendur að fullu undir hráefniskostnaði.

Íþrótt- og tómstundamál

Markmið:

Að Reykjanesbær sé í fararbroddi hvað varðar fjölskylduvænt íþrótt- og tómstundastarf.

Leiðir:

Félög sem standa fyrir íþrótt- og tómstundastarfi með börnum verði hvött til að setja sér uppeldis- markmið. Þau félög sem það gera munu verða sett í forgang um samstarfssamninga við Reykjanesbæ og hvers konar fjárstuðning. Félögum verður boðin aðstoð við mótun uppeldisstefnu. Gerður verður reglubundinn samburður á framboði íþrótt- og tómstundastarfs í Reykjanesbæ m.v. nokkur stærstu bæjarfélögin.

Markmið:

Að leitað sé samstarfs við þau félög og klúbba sem starfa í bæjarfélaginu og eru með skipulagt íþrótt- og tómstundastarf fyrir börn og ungmenni, að svo miklu leyti sem unnt er innan viðurkennds dagvinnu- tíma. Í þeim tilvikum sem það er ekki hægt, sé þess ávallt gætt að forgangsraða tímum m.v. aldur barna hverju sinni og þau yngstu látin ganga fyrir.

Leiðir:

ÍT mun leiða samræmingarvinnu vegna dagskrár viðkomandi félaga.

Markmið:

Að undantekningalaust sé íþrótt- og tómstundastarfi fyrir börn að 16 ára aldri lokið fyrir lögbundinn útivistartíma .

Leiðir:

- Samræming dagskrár á að ná þessu markmiði.
- Greiðsla þjálfarastyrkja til íþróttþjálfara barna og ungmenna.

Markmið:

Að stuðla að góðri samvinnu við íþróttahreyfinguna og þá sem sjá um tómstundir fyrir börn, veita þeim stuðning eftir aðstæðum og hafa eftirlit með starfsemi.

**Leiðir:**

Halda áfram að gera samstarfssamninga við félög og klúbba þar sem lokagreiðslur eru háðar skilum á skýrslum um starfsemina.

Markmið:

Að við hönnun íþróttamannvirkja bæjarins sé tekið mið af þörfum barna jafnt sem fullorðinna og ávallt leitast við að hafa gott aðgengi fyrir fatlað fólk.

Leiðir:

Að fulltrúi ÍT sviðs fái að koma að frumhönnun allra íþróttamannvirkja.

Markmið:

Að áhersla sé lögð á að efla þátttöku fjölskyldunnar í íþróttum og tómstundum.

Leiðir:

Að framboðið sé á þeim tímum að fjölskyldufólk eigi kost á að mæta.

Markmið:

Að börnum sé gert kleift að sækja íþrótt- og tómstundastarf m.v. áhuga og getu.

Leiðir:

- Með samkomulagi við íþrótt- og tómstundafélög að allir eigi kost á að sækja æfingar gegn viðunandi gjaldi.
- Boðið verði upp á Hvatagreiðslur fyrir börn og ungmenni á grunnskólaaldri. Upphæðin árið 2015 er kr. 15.000 fyrir hvert barn árlega. Síðasta úthlutun ársins 2015 fer fram 11. desember.

Menningarmál

Markmið:

Að Reykjanesbær sé í fararbroddi hvað varðar fjölskylduvænt menningarstarf.

Leiðir:

Ávallt sé leitast við að ráða uppeldismenntað fólk til þeirrar menningarstarfsemi sem snýr að börnum, svo sem við Listaskólann og við móttöku nemendahópa í Byggða- og Listasafni Reykjanesbæjar.

Markmið:

Að leitað sé samstarfs og stuðlað að góðri samvinnu við menningarhópa sem eru með tilboð fyrir börn og ungmenni, þeim veittur stuðningur eftir aðstæðum og eftirlit haft með starfseminni.

Leiðir:

Halda áfram að gera samstarfssamninga við menningarfélög þar sem félögin fá greiðslur fyrir að skila ákveðinni vinnu af hendi í þágu samfélagsins.

Markmið:

Að áhersla sé lögð á að efla þátttöku fjölskyldunnar í menningartengdu starfi eða viðburðum.

Leiðir:

Að framboðið sé sniðið að þörfum fjölskyldunnar og sé á þeim tímum sem fjölskyldufólk eigi kost á að



mæta.

Markmið:

Að Bókasafn Reykjaneshæjar leggi ríka áherslu á fjölskylduna.

Leiðir:

- Í kynningum og auglýsingum er bent á þá dagskrárliði sem sérstaklega eru ætlaðir fjölskyldunni.
- Að boðið sé upp á afþreyingu fyrir alla aldurshópa.
- Reglulega séu viðburðir sem sniðnir eru að allri fjölskyldunni.

Markmið:

Að hvetja þá sem standa að menningarviðburðum í bænum til að skoða möguleika á fjölskylduvænni starfsemi.

Leiðir:

Slíkt má gera með því að bjóða fjölskyldum árlega upp á kynningar á menningarstarfi hvers konar s.s. leiklist, myndlist, kórastarfi, tónlist, dansi, o.fl. Einnig að stilla kostnaði í hóf eða bjóða upp á fjölskyldu-afslætti.

Markmið:

Að fjölskyldan verði hvött til að njóta menningarviðburða

Leiðir:

- Frítt er í Menningar- og listamiðstöð Reykjaneshæjar, Duushús og frítt fyrir börn í fylgd fullorðinna í Víkingaheima og Rokksafn Íslands.
- Félög og aðrir sem standa að menningarviðburðum verði hvattir til að veita fjölskylduafslátt.

Markmið:

Að viðurkenning sé veitt þeirri menningarstarfsemi sem leggur sérstaka áherslu á fjölskylduna í starfi sínu.

Leiðir:

Óska eftir tilnefningum um slíka viðurkenningu með auglýsingu á vef bæjarins og jafnvel í staðarblöðum. Nota til hliðsjónar viðurkenningu sem veitt er fyrir fjölskylduvæn fyrirtæki/félög.

Markmið:

Að viðurkenningar séu veittar til þeirra sem stuðla að nýbreytni og sköpun í starfi meðal barna þar sem áhersla er lögð á skapandi og gagnrýna hugsun.

Leiðir:

Stuðla enn frekar að uppbyggingu á Listaskóla barna. Óska eftir tilnefningum um slíkar viðurkenningar t.d. innan skóla.

Atvinnu- og hafnamál

Markmið:

Að tengsl Reykjaneshæjar við atvinnulífið verði eflað.

**Leiðir:**

Fyrirtækjum og starfsmönnum verður kynnt fjölskyldustefna Reykjanesbæjar.

Markmið:

Að hvetja fyrirtæki til að setja sér fjölskylduvæna stefnu og foreldrum gert hægara um vik að sinna tilfallandi þörfum barna sinna.

Leiðir:

Fyrirtæki og atvinnurekendur í Reykjanesbæ eru hvattir til að skoða rekstur sinn og starfsemi m.t.t. þess hvort hægt sé að bjóða upp á sveigjanlegan vinnutíma þannig að báðir foreldrar eigi hægar um vik að sinna tilfallandi þörfum fjölskyldunnar.

Markmið:

Að leita leiða til að laða ný fyrirtæki til bæjarins og skapa þannig sem fjölbreyttast atvinnulíf. Fleiri atvinnutækifæri stuðla að fjölbreyttari störfum og auka líkur á að fleiri geti fengið atvinnu við hæfi í heimabyggð og stuðla þannig að fleiri samverustundum hjá fjölskyldum .

Leiðir:

Hvatning send til fyrirtækja. Það er atvinnulífinu til framdráttar að hafa jákvætt vinnuafli og styrkur fyrir fjölskylduna að vinna hjá fjölskylduvænu fyrirtæki.

Umhverfis- og skipulagsmál

Markmið:

Reykjanesbær verði í fremstu röð í verndun umhverfis og náttúru og viðhaldi og effi stöðu sína sem aðlaðandi sveitarfélag í vistvænu umhverfi. Þannig eflist Reykjanesbær enn frekar sem eftirsóttur búsetukostur. Áfram verði unnið að þróun útivistarsvæða þar sem náttúrulegt umhverfi, menning, fræðsla og útivist tvinnast saman. Gönguleiðin meðfram strandlengjunni er dæmi um vel heppnað verkefni. Almenningsamgöngur skulu taka mið af þróun sveitarfélagsins og áhersla lögð á að efla vistvænar samgöngur, en Reykjanesbær hyggst vera í forystu bæjarfélaga í notkun vistvænna orkugjafa í samgöngum.

Markmið:

Að fylgja gildandi lögum og reglum um öryggismál og vinnuvernd og tryggja um leið að hagur fjölskyldunnar verði hafður í fyrirrúmi.

Leiðir:

Umhverfis- og skipulagssvið mun fylgja því eftir að verktakar sem vinna fyrir sviðið framfylgi lögum og reglum um öryggismál og vinnuvernd á vinnustað.

Markmið:

Að við hönnun gatnakerfis og umferðamannvirkja verði þess ávallt gætt að tryggja öryggi íbúa Reykjanesbæjar og annarra sem leið eiga um bæjarfélagið.

Leiðir:

Umhverfis- og skipulagssvið mun fylgja því eftir að hönnuðir sem vinna fyrir sviðið hafi ávallt í huga öryggi íbúa við hönnun mannvirkja.

**Markmið:**

Að við framkvæmdir sé þess gætt að valda sem minnstri röskun á náttúrunni.

Leiðir:

Við nýframkvæmdir verður þess gætt að fara eftir gildandi aðal- og deiliskipulögum en við gerð þeirra var lagt mat á umhverfisáhrif nýframkvæmda.

Markmið:

Að við hönnun og framkvæmd skipulagsmála verði þess ávallt gætt að umhverfis- og hljóðmengun sé undir viðmiðunarmörkum.

Leiðir:

Umhverfis- og skipulagssvið mun sjá til þess að hönnuðir vinni samkvæmt gildandi reglum um slík mál.

Markmið:

Að verndun vatnsbóla og vatnsverndarsvæða sé ávallt höfð í fyrirrúmi.

Leiðir:

Umhverfis- og skipulagssvið mun fylgja því eftir að hönnuðir vinni samkvæmt gildandi reglum.

Markmið:

Að við hönnun hverfa og umferðaræða verði gert ráð fyrir notkun umhverfisvænna orkugjafa og minni umferðar hraða í í búðahverfum og þannig gefinn sérstakur gaumur að öryggismálum barna.

Leiðir:

Umhverfis- og skipulagssvið mun vinna að heildaráætlun um umferðar- og öryggismál í umferðinni með notkun orkugjafa í huga og hafa að leiðarljósi gönguleiðir barna.

Markmið:

Að börnum sé tryggður aðgangur að opnum leiksvæðum í öllum stærstu hverfum sveitarfélagsins.

Leiðir:

Við hvern skóla er opið leiksvæði og mun umhverfis- og skipulagssvið stuðla að því að þau uppfylli gildandi reglur um leiksvæði.

Markmið:

Að öryggismál barna séu ávallt til fyrirmyndar hjá Reykjanesbæ, ekki síst húsnæði og lóðir stofnanna sem vinna með börnum.

Leiðir:

Þjónustumiðstöð Reykjanesbæjar hefur í umboði USK umsjón með öryggismálum barna. Auglýstur er sérstakur öryggissími, þar sem starfsmenn og íbúar geta hringt og látið vita af slysaáætum í umhverfinu.



Fjármál og stjórnsýsla

Markmið:

Að starfsfólki Reykjaneshæjar verði gert kleift að samræma fjölskylduábyrgð og starf, þar sem bæði kynin bera jafna ábyrgð á málefnum fjölskyldunnar .

Leiðir:

Umræða um þessu málefni er tekin upp árlega við þau tækifæri sem gefast t.a.m. á starfsmannafundum í starfsmannasamtölum osv.frv.

Markmið:

Að starfsfólki Reykjaneshæjar sé gefinn kostur á sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða annarri hagræðingu á vinnutíma þar sem því verður við komið .

Leiðir:

Starfsfólki sé gert kleift að sækja um breytingar á vinnutíma, tímabundið eða til frambúðar. Þeim óskum verði mætt eftir því sem kostur er hverju sinni.

Markmið:

Að starfsfólki sé gefinn kostur á að færa sig í minna krefjandi störf og minnka við sig starfshlutfall með hækkandi aldri eða minnkandi starfsgetu eða við aðrar breytingar á persónulegum högum

Leiðir:

Forstöðumenn skipuleggi störf fólks með þetta í huga þegar nýráðningar eiga sér stað. Starfsfólk Reykjaneshæjar hefur forgang þegar ráðið er í störf á vegum sveitarfélagsins.

Markmið:

Að tryggja góðan aðbúnað á vinnustöðum.

Leiðir:

Að farið sé að reglum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Markmið:

Að barnmörgum fjölskyldum standi til boða afslættir á þjónustugjöldum s.s. vegna leikskóla, tónlistarskóla og sambærilegra gjalda.

Leiðir:

Foreldrum séu kynntir þeir afslættir sem eru í boði fyrir barnmargar fjölskyldur við innritun.